



HRUNAMANNAHREPPUR

7. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 13. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. DESEMBER 2018

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 6. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, beiðni Landgræðslunnar um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Fjárhagsáætlun 2019-2022. (Seinni umræða)

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2019-2022 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2019 sem snerta gjalda- og fjárfestingaáætlun fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir meiri verðbólgu á árinu 2019 og fjárfestingu vegna byggingar aðstöðuhúss fyrir kölkun seyru á Flúðum. Þá er einnig gert ráð fyrir að veita meira fjármagni til náms- og starfsráðgjafa, umhirðu útisvæða, ungmennaráðs, heilsueflandi samfélags, girðingarvinnu á afrétti, sorphreinsunar og sundlaugar.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2019 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 61.947.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 61.152.000.

Veltufé frá rekstri kr. 143.531.000.

Heildareignir A. hluta kr. 1.367.306.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 1.547.373.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 658.507.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 848.426.000.

Eigið fé A hluta kr. 708.799.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 698.947.000.

Skuldahlutfall 73% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 96,0 millj. í áætluninni, þar af kr. 20 millj. í umferðar- og samgöngumál og kr. 17 millj. vegna æskulýðs- og íþróttamála. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 37 millj. í vatnsveitu 8 millj., í hitaveitu 12 millj. og vegna ljósleiðara kr. 2. millj. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 40 millj. í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykkt frá 6. fundi sveitarstjórnar þann 5. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2020-2022 en þar hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 5. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2019.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2019-2022 samhljóða.

2. **Áhaldahús: Endurnýjun bifreiðar.**
Oddviti fór yfir tillögu að endurnýjun á bifreið áhaldahússins en fyrir liggur tilboð frá Brimborg um nýja bifreið og að sú eldri verði tekin upp í. Samtals nemur kostnaður vegna endurnýjunarinnar kr. 4,5 millj. Búið var að gera ráð fyrir þessari endurnýjun í tillögu til fjárhagsáætlunar 2019 en lagt er til að ráðist verði í þessa fjárfestingu á árinu 2018. Sveitarstjórn samþykkir kaupin og felur sveitarstjóra að ganga frá þeim. Lagt er til að kostnaði vegna þessarar fjárfestingar verði mætt með samsvarandi lækkun á fjárfestingu í fráveitu. Sveitarstjóra jafnframt falið að leggja drög að reglum um notkun á bifreiðinni til félagasamtaka í sveitarfélaginu.
3. **Niðurfærsla skammtímakrafna.**
Oddviti kynnti tillögu að niðurfærslu skammtímakrafna að fjárhæð kr. 1.037.061 en hún var unnin af hálfu endurskoðenda sveitarfélagsins KPMG. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og að skammtímakröfur að fjárhæð kr. 1.037.061 verði afskrifaðar.
4. **Breytingar á sorphirðu og sorpflokkun: Breyting á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi (fyrrri umræða).**
Oddviti kynnti breytingar sem lagt er til að gera á flokkun sorps og sorphirðu í Hrunamannahreppi þannig að tekið verði upp þriggja tunnu flokkunarkerfi. Lagt er til að frá og með 1. janúar 2019 verði safnað pappa, plasti og málmum í blátunnu við heimili og stofnanir. Þá verði tekin upp hirðing á lífrænum úrgangi í brúntunnu við heimili og stofnanir. Hirðing á blá- og brúntunnu verði á 3ja vikna fresti og á gráu tunnunni 4 vikur. Þá er lögð fram tillaga um breytingar á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi til fyrrri umræðu. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og vísar breytingum á samþykktum til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að fyrirtæki í sveitarfélaginu fari í samsvarandi flokkun í upphafi næsta árs. Þá verði skoðað hvernig sumarhúsahverfi geti mætt auknum kröfum um flokkun.
5. **Íslenska Gámafélagið: Viðauki vegna verksamnings um sorphirðu.**
Oddviti kynnti viðauka vegna verksamnings um sorphirðu milli Hrunamannahrepps og Íslenska Gámafélagsins vegna breytinga á sorphirðu frá og með 1. janúar nk. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við verksamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
6. **Míla: Beiðni um framlengingu á húsaleigusamningi vegna fjarskiptaaðstöðu á Flúðum.**
Oddviti kynnti beiðni frá Mílu um framlengingu á leigusamningi til 31. maí 2019 vegna aðstöðu fyrir tæknibúnað í Akurgerði 6 á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir framlenginguna.
7. **Markaðsstofa Suðurlands: Framlenging á samstarfssamningi.**
Oddviti kynnti beiðni frá Markaðsstofu Suðurlands um framlengingu á samstarfssamningi við markaðsstofu Suðurlands til tveggja ára. Sveitarstjórn samþykkir nýjan samning til tveggja ára og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
8. **Forsætisráðuneytið: Hrafninnuvinnsla við Kerlingarfjöll.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá forsætisráðuneytinu vegna beiðni Alastair Mackie um leyfi til taka 1,2 tonn af Hrafninnu úr Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn tekur neikvætt í erindið.
9. **Umhverfisstofnun: Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar Suðurland–vatnasvið Jökulfalls og Hvítár í Árnassýslu, Gýgjarfoss- og Bláfellsvirkjun.**
Oddviti kynnti tillögu að friðlýsingu svæða í verndarflokki rammaáætlunar sbr. 53. gr. náttúruverndarlaga nr 60/2013. Tillaga er að friðlýsingu svæðis vegna vatnasviðs Jökulfalls og Hvítár í Árnassýslu sem snerta Gýgjarfossvirkjun og Bláfellshálsvirkjun sem eru í verndarflokki rammaáætlunar. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi þann 4. október s.l og óskaði eftir skýringum frá Umhverfisstofnun um útfærslu friðlýsingarinnar í samstarfi við Bláskógabyggð. Haldinn hefur verið sameiginlegur upplýsingarfundur með Umhverfisstofnun og Umhverfisráðherra í samvinnu við Bláskógabyggð. Þá liggur einnig fyrir umsögn Húnavatnshrepps frá 24. október s.l. vegna tillögunar þar sem gerðar eru athugasemdir við útfærslu friðlýsingarinnar, m.a. vegna þess að hún teygist inn á vatnasvið Blöndu.

Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Húnavatnshrepps. Sveitarstjórn telur fráleitt að miða við vatnasvið alls svæðisins og leggja til að það lendi undir friðlýsingu. Vísar sveitarstjórn í þessu sambandi til ákvæða 53. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013 en þar er ekki talað um að friðlýsa heilu vatnasviðin heldur friðlýsa svæði sem falla í verndarflokk. Allt of víðtæk túlkun á sér ekki stoð í lagaákvæðinu og er ekki tilgangur þess. Sveitarstjórn hafnar því alfarið að vatnasvið alls svæðisins verði lagt til grundvallar. Þá má einnig vísa til vinnu faghóps í 2. áfanga rammaáætlunar, m.a. korta af áhrifasvæðum þessara virkjunarkosta að þá er þetta upplegg ekki með þessum hætti.

Sveitarstjórn leggur því til að friðlýsingin nái einungis til árfarvegs Hvítár og Jökulfalls, sem þessar virkjanir hefðu haft áhrif á og þau lónstæði sem hefðu þurft til að afla þessum tveim virkjunarkostum orku. Friðlýsingin nái ekki til annarra hluta þess svæðis sem afmarkað er á uppdrætti sem fylgdi tillögunni, enda hafi friðlýsing á grundvelli 53. gr. náttúruverndarlaga engan tilgang utan árfarvegs viðkomandi vatnsfalla.

10. Smiðjustígur 5: Forkaupsréttur.

Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Smiðjustíg 5, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Smiðjustíg 5, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4219 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

11. Stígamót:Styrkbeiðni.

Oddviti kynnti bréf frá Stígamótum þar sem þau biðja um styrk fyrir reksturinn árið 2019. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 sem verði tekið af deild 0281.

12. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Samráðsgátt vegna draga að reglugerð um gerð stefnumótandi áætlanir ríkisins um málefni sveitarfélaga.

Oddviti kynnti samráðsgátt vegna draga að reglugerð um gerð stefnumótandi áætlanir ríkisins um málefni sveitarfélaga.

13. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samráðsgátt vegna leiðbeininga um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaga.

Oddviti kynnti samráðsgátt vegna leiðbeininga um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaga.

14. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Samráðsgátt verkefnis nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Oddviti kynnti samráðsgátt verkefnis nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert og ekki verði farið í verkefnið án samþykkis sveitarfélaga.

15. Forsætisráðuneytið: Samráðsgátt stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum.

Oddviti kynnti samráðsgátt vegna stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum.

16. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttidni og skyldur starfsmanna ríkisins.

17. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefnum aldraðra.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefnum aldraðra.

18. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í húsnæðismálum.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í húsnæðismálum.

19. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur.

20. Landsnet: Undirbúningur fyrir mótun kerfisáætlunar 2019-2028.

Oddviti kynnti kerfisáætlun fyrir tímabilið 2019-2028, sem áætlað er að gefa heildarsýn yfir þróun flutningskerfis um umhverfismat áætlana.

21. Næsti fundur sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 10. janúar nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð ráðsins frá 13. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Ungmennaráðs Hrunamannahrepps frá 13. nóvember s.l. Þar voru ýmis mál rædd, m.a. fjallað um málþing í Grindavík, breytingar á erindisbréfi og samþykkt ungmennaráðsins, sameiginlegan undirbúningsfund með Ungmennaráði Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þing ungmenna í Uppsveitum og hugmyndir að verkefnum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að vinna að breytingum á samþykktum og erindisbréfi Ungmennaráðsins.

23. Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 4. fundar frá 29. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar Öldungaráðs. Farið var yfir fasteignagjöld eldri borgara, aðstöðu við Heimaland, garðslátt og hirðingu og kynnt heilsuefning fyrir eldri borgara. Sveitarstjórn vísar erindi vegna garðsláttar til skólaþjónustu- og velferðarnefndar til umsagnar.

24. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 29. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir erindisbréf nefndarinnar, innra og ytra mat, skýrslu skólastjóra, breytingu á skóladagatali, bréf frá Persónuvernd, framlag til nýbúafræðslu 2019 og næsti fundur ræddur. Þá var í lok fundar sameiginlegur fundur með persónuverndarfulltrúa Hrunamannahrepps og skólanefndar vegna Undralands. Sveitarstjórn samþykkir nýtt erindisbréf fyrir nefndina og fundargerðina að öðru leyti.

25. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 29. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir erindisbréf nefndarinnar, samtarf skólastigana, innra og ytra mat, brunaúttekt, umsóknir vegna árgamalla barna og næsti fundur ræddur. Þá var í byrjun fundar sameiginlegur fundur með persónuverndarfulltrúa Hrunamannahrepps og skólanefnd vegna Flúðaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir nýtt erindisbréf fyrir nefndina og fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

26. Fundargerð 166. fundar Skipulagsnefndar frá 14. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 7. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 166. fundar skipulagsnefndar frá 14. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 13: Hrafnkelsstaðir. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn eiganda lóðarinnar Hrafnkelsstaðir lóð 2 L216611 í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Breytingin felur í sér að skilgreiningu hluta lóðar, 7000m², verði breytt úr landbúnaðarlandi í íbúðabyggð. Hrafnkelsstaðir lóð 2 L216611, er rúmlega 2,6 ha lóð staðsett við Langholtsveg vestan Flúða og tilheyrir þéttbýli Flúða samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Aðkoma að lóðinni er af Langholtsvegi nr. 341. Samhliða umsókn er lögð fram aðalskipulagslýsing sem er unnin af verkfræðistofunni Eflu og dagsett 30.10.2018 og er þar gert grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á þéttbýlisupprætti gildandi aðalskipulags og greinargerðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu dagsetta 30.10.2018 sem skýrir væntanlega breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun

lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 14: Garðastígur 8b. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Lögð er fram skipulags- og matslýsing dagsett 31.10.2018 sem gerir grein fyrir breytingu sem felur í sér að lóðin Garðastígur 8b verði skilgreind í aðalskipulagi sem íbúðabyggð. Staðsetning lóðarinnar er vestan flugvallar á Flúðum, á svæði sem í núgildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps er skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Gerð verður breyting á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags og greinargerðar. Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu dagsetta 31.10.2018 sem skýrir væntanlega breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna skipulags- og matslýsingu almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 15: Sandskarð og Flúðir. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulags- og matslýsing dagsett 24.10.2018 vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Lóðin Sandskarð, sem er 11.485 m² að stærð, er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi (L5) en þó innan þéttbýlismarka Flúða. Aðkoma að lóðinni er frá Langholtsvegi nr. 341. Landbúnaðarland innan þéttbýlisins hefur ekki verið flokkað en fyrirhugað svæði er að nokkru leyti ræktað land. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður skilgreiningu á landnotkun lóðarinnar breytt í íbúðabyggð. Gert verður ráð fyrir nokkuð sambærilegri byggð og nú þegar er við Vesturbrún (ÍB3) og þar með myndast samfella með skilgreindri íbúðabyggð við Vesturbrún (ÍB3). Gert er ráð fyrir að uppbygging verði heimiluð í samræmi við heimildir fyrir Vesturbrún þar sem heimiluð er blönduð íbúðabyggð í einbýlishúsum og raðhúsum á einni hæð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi skipulagslýsingu dagsetta 24.10.2018 sem skýrir fyrirhugaða breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 16: Grafarbakki II, spilda 1. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulags- og matslýsing dagsett 25.10.2018 vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Lóðin Grafarbakki II spilda 1 liggur suðaustan Flúða. Aðkoma að henni er frá Hrunavegi nr. 344. Norðurhluti lóðarinnar, Grafarbakki II spilda 1, er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður skilgreiningu á landnotkun norðurhluta lóðarinnar breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði. Þar með eru svæði í þessum landnotkunarflokki orðin tvö í sveitarfélaginu. Það er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins að fjölga afþreyingarmöguleikum til þess að ferðamenn dveljist þar lengur.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu dagsetta 25.10.2018 sem skýrir fyrirhugaða breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 17: Efra-Langholt. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulags- og matslýsing dagsett 26.10.2018 vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Spildan er úr landi Efra-Langholts, austan Langholtsvegar, við frístundasvæðið F16. Aðkoma að svæðinu er frá Langholtsvegi nr. 341. Svæðið sem um ræðir í landi Efra-Langholts er 10 ha að stærð og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Spilda þessi liggur að þegar skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður skilgreiningu á landnotkun svæðisins breytt í frístundasvæði. Þar með myndast samfella með frístundasvæðinu F16 úr landi Efra-Langholts.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi skipulagslýsingu dagsetta 26.10.2018 sem skýrir fyrirhugaða breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. nóvember s.l.

27. Fundargerð 167. fundar Skipulagsnefndar frá 28. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 21. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 167. fundar skipulagsnefndar frá 28. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 15: Berghylur. Breytt skráning jarðar.

Lagður er fram uppdráttur með afmörkun jarðarinnar Berghylur í Hrunamannahreppi L 166724, þar sem eigandi jarðarinnar óskar eftir að staðfest verði landamörk og afmörkun jarðarinnar, sem er tilgreind á meðfylgjandi hnitasettum uppdrætti Eflu dags 5.1.2018. Jörðin er samkvæmt mælingu 714.4ha að stærð. Fyrir liggur samþykki landeiganda allra aðliggjandi jarða og landspildna á fyrrgreindan uppdrátt.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun landeignarinnar né heiti enda liggja fyrir samþykki landeiganda aðliggjandi jarða.

Mál nr. 16: Sóleyjarbakki. Umsókn um byggingarleyfi. Skemma.

Lögð fram umsókn Guðmundar Kristinssonar dags. 15. nóvember 2018 móttekin sama dag um byggingarleyfi fyrir 200 m² skemmu á jörðinni Sóleyjarbakka (L166830) í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir skemmu.

Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. nóvember s.l.

28. UTU bs: Fundargerð stjórnar frá 14. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar UTU bs frá 14. nóvember s.l. Þar var fjallað um fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir 2019 og starfsmannamál. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og fundargerðina að öðru leyti.

Önnur mál.

29. Landgræðslan: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.

Oddviti kynnti beiðni frá Landgræðslunni um styrk vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ fyrir árið 2018. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 50.000 en þegar hefur verið gert ráð fyrir þessum styrk í fjárhagsáætlun ársins 2018 vegna landgræðslu.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð aðalfundar frá 18.-19. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 539. fundar stjórnar frá 16. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 18. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 271. fundar stjórnar frá 17. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 272. fundar stjórnar frá 1. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 273. fundar stjórnar frá 20. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð frá 22. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

h. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 190. fundar stjórnar frá 26. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

i. Vegagerðin: Niðurfelling vega af vegaskrá.

Lagt fram til kynningar.

j. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið: Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samráðsgátt til umsagnar.

Lagt fram til kynningar.

k. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið: Viðauki við fjárhagsáætlun.

Lagt fram til kynningar.

l. Varasjóður Húsnæðismála: Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2017.

Lagt fram til kynningar.

m. Hrunaljós: Verkfundargerð frá 7. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

n. Hrunaljós: Verkfundargerð frá 21. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

Fleiri ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.51. n m